

## Sameiginlegur fundur stjórnar og þingflokks Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs.



### Mánudagurinn 11. apríl 2016

kl. 15.40 í Austurstræti 14.

Elín Oddný Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Svandís Svavarsdóttir formaður þingflokks stýrði fundi.

**Mætt;** Katrín Jakobsdóttir, Björn Valur Gíslason, Ingibjörg Þórðardóttir, Daníel Arnarsson, Jakob S. Jónsson, Una Hildardóttir, Álfheiður Ingadóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Rósa Björk Brynjúlfssdóttir, Hrafnkell Lárusson, Bjarni Jónsson, Benóný Harðarson, Svandís Svavarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon, Lilja Rafney Magnúsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir, Ögmundur Jónasson, Lís Kristjánsdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Þóra Elfa Björnsson, Ragnar Auðun Árnason og Sóley Björk Stefánsdóttir.

1. Vinna við kosningaáherslur – Katrín Jakobsdóttir fór yfir stöðu stjórnmalanna og verkefni framundan. Svandís Svavarsdóttir fór í kjölfarið yfir stöðu mála í þinginu, ríkisstjórnasamstarfinu og horfur varðandi framhaldið.
2. Skipulag framboðsmála.
3. Hlutverk þingflokks næstu vikur og mánuði við að koma kosningaáherslum á framfæri.
4. Samband þingmanna við málefnaþópa.

Farið yfir stöðuna framundan og áherslur í næstu kosningum. Heiðarleiki, siðferði, lýðræði og réttlátt samfélag. Betri heilbrigðisþjónusta, húsnæðismál, umhverfismál og málefni ungs fólks. Styrkja samneysluna og benda á mikilvægi þess að allir greiði til samfélagsins til að efla innviðina. Jöfnuður og sjálfbærni er leiðarljósið. Hvað má gera fyrir þann pening sem auðmenn hafa komið fyrir í skattaskjólum? Leggjum til okkar eigin fjárlög. Sjálfbært atvinnulíf, þetta “allt annað” – ferðaþjónusta, skapandi greinar og þjóðgarður á miðhálandinu. Burt með gjaldtöku fyrir grunnþjónustuna. Fólk veit almennt hvað við stöndum fyrir og stefnan okkar er skýr. Skerpa stefnuna, koma málum skýrt á framfæri og vísa í ítarefni, t.d á vefnum.

Fundi slitið kl. 17.30.